

1863. sem hér eru ákveðnir fyrir umsjónarmannsstörfín, ekki eiga að
 23. októberm. reiknast fyrri en frá þeim tíma, þá er störf þessi, svo sem að ofan er sagt, verða falin á hendur einhverjum einum af kennurunum.

Þegar þar að kemur, vonast stjórnarráðið eptir að fá skýrslu um, hvað gjört verður í þessu efni.

27. októberm. **85. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um borgun fyrir læknislyf handa stúdentum á prestaskólanum í Reykjavík.**

Í skjali nokkru, er þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, senduð stjórnarráðinu með bréfi yðar 19. dag júnímán. þ. á., hefir Randrúp lyfsali í Reykjavík farið þess á leit, að hið opinbera borgi sér á sama hátt og að undanfögnu tvo reikninga fyrir læknislyf, er stúdentar á prestaskólanum fengu hjá honum árin 1861 og 1862, en upphæð reikninganna var 3 rd. 85 sk. og 3 rd. 68 sk. Um þetta efni skal yður kunnngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það og gjörð þær ráðstafanir, sem þörf er á, að stjórnarráðið eptir atvikum málsins veitir samþykki sitt til, að Randrúp lyfsala seu á vanalegan hátt ávísaðir úr jarðabókarsjóðnum 3 rd. 85 sk., sem borgun fyrir læknislyf þau, er hann lét af hendi árið 1861; en þar sem stjórnarráðið þegar hefir lýst því yfir í bréfi sínu 9. septembermán. 1861, að engin heimild sé til að veita stúdentum á prestaskólanum læknislyf ókeypis, þá getur stjórnarráðið ekki leyft, að borgunin fyrir læknislyf þau, er stúdentar þessir fengu árið 1862, sé greidd úr rikissjóðnum.

27. októberm. **86. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skyldu skólakennara til að vera í forstöðunefnd barnaskólans í Reykjavík.**

Með álitsskjali, dagsettu 22. ágústmán. þ. á., hafð þér,